


✉ Re: Beiðni um umsögn - Veglagning í landi Hlaupungu

Búið til	28.4.2021 13:14:44
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	28.4.2021 13:14:42
Tilheyrir	 202104-0017 - Veglagning í landi Hlaupungu

Efni

Re: Beiðni um umsögn - Veglagning í landi Hlaupungu

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	28.4.2021 13:14:42	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	skipulag@skipulag.is
Cc	jakob@skipulag.is

Innihald

Tilvísun í mál nr.: 202104-0017 (LÁ, OKV, RTh)

Í bréfi frá Skipulagsstofnun, dags. 8. apríl 2021, er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tilkynningu framkvæmdar vegna veglagningu í landi Hlaupungu.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir framangreinda tilkynningu og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Í upphafi tilkynningar stendur: „*Vegur þessi legði grunn landeiganda að notkun landsins til búsetu (lögbylí) ásamt því að auka á aðgengi almennings að þessu fallega svæði í kringum Brúará og Brúarfoss.*“. Í aðalskipulagi Bláskógarbyggðar 2015-2027 er ekki gerð grein fyrir nýjum vegi eða landnotkun á fyrirhuguðu framkvæmdasvæðinu (<http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=05637085598814315389> (<http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=05637085598814315389>)).

Framkvæmdin miðar að því að endurbæta, með ofaníburi, eldri akfæran landbúnaðarslóða sem er um 1200 m langur, en nýr vegur, 12 m breiður og um 700 m langur, verður ruddur um áður óraskað land. Fyrirhuguð veglög liggur að 2000 m² bílastæði sem er einnig staðsett í óraskað land.

Á framkvæmdarsvæðinu vex birkiskógur sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd og í 3. mgr. sömu greinar stendur að forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr., nema að brýna nauðsyn beri til. Þá skal afla framkvæmdaleyfis sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Vistgerðir birkiskóga hafa hátt verndargildi en jafnframt er útbreiðsla þeirra á landsvísu takmörkuð. Þeim er víða ógnað af útpenslu frístundabyggðar og aukinni skógrækt. Núverandi vegslóði liggur yfir Konungsveginn sem er menningarminjar og hverfisverndarsvæði.

Út frá loftmyndum má greina að birkiskógurinn er sæmilega hár og þéttur og gera má því ráð fyrir gróskulegum botngróðri s.s. lyngi og blómjurtum. Náttúrufræðistofnun hefur ekki nægilegar upplýsingar um tegundasamsetningu gróðurs á þessu svæði og er full þörf á að gerð sé grein fyrir botngróðri

birkiskógarins í landi Hlaughtungu.

Í tilkynningu kemur fram að mótvægisáðgerðir felast í því að land Hlaughtungu verður girt af og það ekki notað framvegis sem beutiland fyrir hross og aðra stórgripi. Auk þess er landeigandi áhugamanneskja um trjárækt og því sé líklegt að gróður (sem er ekki skilgreindur) muni aukast á svæðinu í framtíðinni (bls. 3).

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að meta þurfi umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda heildstætt, þ.e. vegabætur, fyrirhugaður nýr vegur, bílastæði og þær byggingar sem ráðgert er að reisa á svæðinu í framtíðinni, þ.s. talað er um búsetu ásamt ferðaþjónustu (bætt aðgengi fyrir ferðamenn). Góður rökstuðningur þarf að liggja fyrir því að leyft sé að ryðja óraskað land með birkiskógi sem hefur hátt verndargildi og nýtur sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Þar að auki er ekki æskilegt að farið sé í skógrækt innan þessa svæðis og girðing umhverfis landið kallar á girðingarslóða og enn meira rask á skóginum.

Útfrá framangreindu telur Náttúrufræðistofnun Íslands að ekki sé nægilega gerð grein framkvæmdinni, umhverfi hennar og vöktun. Stofnunin telur að þær mótvægisáðgerðir sem settar eru fram í tilkynningu komi til með að raska verndargildi svæðisins enn meir.

Náttúrufræðistofnun telur ofangreinda framkvæmd háða mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC:
Subject: Beiðni um umsögn - Veglagning í landi Hlaughtungu
Date: 9.4.2021 09:40:52

Daginn


Sjá meðfylgjandi umsagnarbeiðni og tilkynningu.

Verður eingöngu sent rafrænt.

Kv. Gríma Eik

Gríma Eik Káradóttir

skjalavörður, teymi rekstrar og þjónustu / Archivist
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland
sími 595 4100
grimaeik@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun



Viðhengi

image001.png (5 KB)